

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 2007 í máli nr. E-3000/2006:

Reykjavíkurborg vegna

Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

(Kristbjörg Stephensen hdl.)

gegn

A og

B

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 30. mars sl., var höfðað 17. maí 2006 af Reykja víkurborg vegna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnar götu 11, Reykjavík, gegn A og B.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði samkvæmt a og d liðum 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 svipt forsjá dóttur sinnar, D, sem nú er í fóstri hjá móðurömmu sinni, E.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfu stefnanda um að þau verði svipt forsjá dóttur sinnar. Einnig er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti, en stefndu hafi gjafsókn í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi 25. maí 2006. Í greinargerð stefndu, sem lögð var fram 24. maí 2006, var þess krafist að málinu yrði vísað frá dómi en fallið var frá þeirri kröfu í sama þinghaldi.

Með bréfi 16. maí 2006 óskaði stefnandi eftir því að mál þetta fengi flýtimeðferð samkvæmt 123. gr. laga nr. 91/1991. Flýtimeðferð var heimiluð 17. maí sama ár og stefna í málinu gefin út sama dag. Málið var þingfest 19. sama mánaðar. Í þinghaldi 24. maí féllst dómari á að aflað yrði matsgerðar um foreldra og barn og var lagt fyrir stefnanda að gera það samkvæmt 2. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga. Matsgerðin, þ.e. sálfræðileg álitsgerð, er dagsett 15. desember 2006 og var hún lögð fram í þinghaldi 2. febrúar 2007.

Yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni

Dóttir málsaðila, D, er fædd 25. júlí 2005. Móðir hennar er fædd 2. ágúst 1986 og var því tæplega 19 ára gömul er stúlkan fæddist en faðirinn 25 ára. Í gögnum málsins kemur fram að stefnda A hafi átt við alvarlegan vímuefnavanda að stríða allt frá 14 ára aldri. Hún var m.a í þrígang vistuð neyðarvistun vegna fíkniefna neyslu í ársbyrjun 2001. Í september 2002 úrskurðaði stefnandi að stefnda skyldi vistuð vegna fíkniefnavandamála í tvo mánuði á langtíma meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Með úrskurði dómara í nóvember 2002 var stefnanda heimilað að vista stefndu á viðeigandi heimilum eða stofnunum, allt til 24. september 2003, og var hún í vist á meðferðarheimili á L í tíu mánuði. Í gögnum málsins kemur fram að starfsmenn heimilisins, sem höfðu áhyggjur af geðheilsu hennar, vildu að gerð yrði úttekt á geðrænu ástandi hennar. Stefnda var lögð inn á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans 18. september 2003 vegna vanlíðunar og þunglyndis og var þar til 24. október sama ár. Þrátt fyrir ráðagerðir um að hún færi þá aftur að L til áramóta varð ekki úr því en hún var því mótfallin.

Í nóvember 2004 tilkynnti lögregla stefnanda að stefnda væri í mikilli neyslu á K hjá meðstefnda B sem einnig væri í neyslu og héldi stefndu á einhvern hátt nauðugri hjá sér. Í mars 2005 barst stefnandi tilkynning frá Barnaverndarnefnd S um að stefnda væri á Sa, gengin 6 mánuði á leið, og grunur léki á að hún væri í neyslu. Þá hafði lögreglan á Sa verið kölluð til á hótél á Sa vegna þess að stefndu hefðu stolið öllu úr míníbar á hótelinu.

Hinn 20. apríl 2005 tilkynnti Heilsugæslan, miðstöð mæðraverndar, stefnanda að stefnda, sem væri 25 vikur gengin, hefði þrisvar sinnum, eftir að hún var 14-15 vikur gengin, skilað þvagi í lyfjaleit og niðurstöður benzodiazepin og kannabisefna hefðu verið jákvæðar.

Í skýrslu lögreglu 10. júní s.á. kemur fram að stefndu voru í hópi manna sem réðust á lögreglubifreið og skemmdu hana. Í það skipti viðurkenndi stefnda A að hafa notað fíkniefni þegar rúmlega mánuður var eftir af meðgöngutíma og síðast sprautað sig með amfetamíni 8. júní.

Viku eftir að stefnda A fæddi barn sitt hringdi móðir hennar í bakvakt Barnaverndar og tilkynnti að dóttir sín hefði fyrir stuttu farið með nýfætt barnið af heimilinu en munnlegt samkomulag hefði verið á milli þeirra mæðgna að stefnda dveldi hjá henni næstu mánuði ásamt barninu vegna erfiðleika stefndu. Barnsfaðirinn hefði síðustu daga sífellt verið að koma og ræða við stefndu um það að hún og barnið gætu verið hjá honum að K. Faðirinn hefði ekki sýnst vera í neyslu þegar stefnda hefði farið með honum þá um kvöldið.

Barnavernd Reykjavíkur gerði 2. ágúst s.á. áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. laga nr. 80/2002 og undirritaði stefnda hana. Áætlunina átti að endurmeta 2. nóvember næstan á eftir.

Hinn 15. ágúst s.á. var hringt um neyðarlínu í Barnavernd Reykjavíkur og tilkynnt að stefnda væri undir miklum áhrifum í íbúðinni að K og að föðuramma barnsins, sem hefði verið ölvuð, hefði farið í næstu blokk með barnið. Starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur fór í íbúðina að K og ræddi við bæði stefndu. Þar voru móðir stefnda B ásamt börnum hennar, svo og móðursystir. Starfsmaðurinn taldi ekki forsendur til þess að grípa inn í aðstæður og fór við svo búíð. Skömmu eftir

miðnætti hringdi stefnda í starfsmann á bakvakt og ræddi hann einnig við stefnda B. Niðurstaðan varð sú að þau kæmu bæði í viðtal hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Gerð var ný áætlun 26. ágúst s.á. um meðferð máls samkvæmt 23. gr. laga nr. 80/2002 sem stefndu undirrituðu bæði. Áætlunina átti að endurmeta að þremur mánuðum liðnum ef þurfa þætti. Barnið fór hins vegar til móðurömmu sinnar 23. september s.á. vegna óviðunandi aðstæðna hjá stefndu til að hafa barnið en stefndu hafa viðurkennt að þau hafi ekki verið í stakk búin til að sinna barninu sem skyldi. Barnið hefur verið samfellt í umsjá móðurömmu sinnar frá þeim degi í tímabundnu föstri.

Hinn 17. október s.á. óskaði Barnavernd Reykjavíkur eftir því að lögreglan upplýsti um afskipti lögreglunnar af málefnum stefndu A frá 25. júlí. Í svari lögreglu kemur fram að lögreglan hefði haft afskipti af henni þrisvar sinnum, m.a. hefði hún verið handtekin í húsi við ----götu fyrir vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Hinn 18. október s.á. var haldinn fundur í Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og var þar til umræðu mál D. Stefndu mættu á fundinn. Bókað er eftir lögmanni stefndu A að hún sé ekki ósátt við það að barnið sé í tímabundnu föstri í sex mánuði hjá móðurömmu sinni. Einnig er bókað að stefndu vilji nota þessa sex mánuði til að geta bætt sig sem foreldra og til að takast á við foreldrahlutverkið. Barnaverndarnefndin fól síðan starfsmanni sínum að afla samþykkis móður fyrir því að vista barnið utan heimilis í sex mánuði, sbr. 25. gr. laga nr. 80/2002, og að gera áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. sömu laga.

Hinn 18. nóvember s.á. komu móðir stefndu A og stjúpfadir hennar með hana á bráðamóttöku geðdeildar Landspítalans og var hún þar til næsta dags. Í læknabréfi 21. sama mánaðar segir að hún hafi töluverða geðsögu að baki og átt við neysluvanda að stríða. Við komu sé hún sennilegast undir amfetamínáhrifum. Við útskrift var stefndu boðin meðferð en hún vildi ekki þiggja hana.

Í byrjun árs 2006 fluttu stefndu á Sa og 16. febrúar það ár gerðu þau samning um sameiginlega forsjá dóttur sinnar.

Ráðgjafi Barnaverndar Reykjavíkur gerði tillögu 24. febrúar s.á. um að dóttur stefndu færi í varanlegt föstur til móðurömmu sinnar. Sömu tillögu gerði ráðgjafinn 14. mars s.á. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur úrskurðaði 21. sama mánaðar að barnið skyldi kyrrsett hjá móðurömmu sinni í 2 mánuði frá þeim degi að telja.

Krafa stefnanda um forsjárviptingu er byggð á því að ítrekað hafi verið leitast við að aðstoða stefndu við að taka á vandamálum sínum með það að markmiðið að barnið nyti uppeldis þeirra. Önnur og vægari úrræði en forsjárvipting muni ekki skila tilætluðum árangri. Vandí stefndu sé djúpstæður en fíkniefnaneysla þeirra hafi verið hömlulaus sem leitt hafi til þess að vista hafi þurft barnið utan heimilis vegna óviðunandi aðstæðna. Töluverður tími þurfi að líða áður en unnt verði að meta hver árangur verði af því að stefndu neyti ekki lengur fíkniefna.

Af hálfu stefndu er vísað til þess að þau hafi tekið sig verulega á og neyti ekki lengur fíkniefna. Engin viðhlítandi gögn hafi verið lögð fram um meint ofbeldi stefnda og ósannað sé að stefndu séu óhæf til að fara með forsjá dóttur sinnar. Forsjársvipting sé alvarlegt inngríp og verði ekki beitt nema ríkar ástæður liggi þar að baki. Ekki hafi verið reynt til þrautar að beita vægari úrræðum en forsjársviptingu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að barnið hafi lotið forsjár stefndu A frá fæðingu en frá febrúar 2006 hafi bæði stefndu farið með forsjána. Fyrstu tvo mánuðina hafi barnið verið í umsjá stefndu en frá september 2005 hafi það verið í tímabundnu fóstri hjá móðurömmu sinni með samþykki stefndu A. Ástæða fósturvistunar sé vímuefnavandi stefndu og er í því sambandi vísað til úrskurðar Barnaverndar nefndar Reykjavíkur 21. mars 2006 þar sem ákveðið var að barnið skyldi kyrrsett á heimili móðurömmu sinnar samkvæmt a lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga í tvo mánuði frá þeim degi að telja.

Afskipti hafi verið af högum telpunnar á grundvelli barnaverndarlaga allt frá því að hún hafi verið í móðurkviði. Móðirin hafi átt við alvarlegan vímuefnavanda að stríða frá 14 ára aldri og verið vistuð ítrekað á vegnum barnaverndarnefndar á með ferðarstofnunum á unglingsaldri og einnig á barna- og unglingsgeðdeild sökum þess að áhyggjur hafi verið af geðrænum högum hennar. Hún hafi meðal annars verið úrskurðuð af dómstólum til vistunar á meðferðarheimili í allt að eitt ár 22. nóvember 2002.

Barnaverndarnefnd hafi borist tilkynning frá lögreglunni rúmum átta mánuðum fyrir fæðingu barnsins vegna áhyggna af hinu ófædda barni. Að mati lögreglunnar hafi stefnda A þá verið í mikilli vímuefnaneyslu ásamt stefnda B. Lögregluna hafi grunað að stefnda A væri hjá stefnda B gegn vilja sínum og hún væri beitt líkamlegu ofbeldi af hans hálfu. Henni hafi verið boðin aðstoð af hálfu barnaverndarnefndar og lögreglu en hún hafi ekki verið reiðubúin að þiggja hana.

Tæpum fjórum mánuðum fyrir fæðingu barnsins, 30. mars 2005, hafi tilkynning borist frá barnaverndarnefnd S um áhyggjur af vímuefnaneyslu stefndu, en stefndu hafi þá dvalið á Sa. Lögreglan hafi haft afskipti af þeim þar sem þau hefðu stolið áfengi af hóteli á staðnum. Starfsmaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi náð símasambandi við stefndu A, en hún hafi sagst vera flutt á Sa og dveldi þar hjá móður stefnda B. Hún hafi sagt starfsmanninum að henni hefði verið nauðgað og hefði hún verið drukkinn þegar það gerðist. Um einstakt tilvik hafi verið að ræða en neysla fíkniefna hefði ekki átt sér stað á þessum tíma og hafi hún afþakkað boð um stuðning við að leita sér meðferðar. Hún hafi hins vegar þegið sálfræðiviðtöl og stuðning við kæru á nauðgun. Í tilkynningu frá Miðstöð mæðraverndar 20. apríl 2005 komi fram að stefnda hafði leitað til neyðarmóttöku --- - ----- á páskadag, 28. mars 2005, vegna nauðgunar. Í sömu tilkynningu komi fram að þrívægis hefðu fundist fíkniefni við lyfjaleit hjá henni en niðurstöður hafi verið jákvæðar gagnvart kannabísefnum og benzodíazepín.

Tilkynning undir nafnleynd hafi borist 27. apríl sama ár vegna áhyggna af barninu, sem stefnda gekk með, sökum vímuefnaneyslu hennar og vannæringar. Í tilkynn ingunni hafi komið fram að stefnda byggi við mikið harðræði og ofbeldi á heimili sínu og vonast væri til að hægt yrði að koma henni og hinu ófædda barni til bjargar.

Stefndu hafi síðan tengst árás á lögreglumenn og eignaspjöll á ómerktri eftirlitsbifreið lögreglu. Í lögregluskýrslu 10. júní 2005 hafi stefnda viðurkennt að hafa notað fíkniefni á þessu tímabili, þ.e þegar rúmur mánuður hafi verið eftir af meðgöngu barnsins. Hún hafi tilgreint í skýslunni að hún hefði síðast sprautað sig með amfetamíni 8. júní s.á.

Lögreglan í H hafi tilkynnt um afskipti af stefndu A 13. júní s.á. Þar komi meðal annars fram að við skoðun á handleggjum hennar hafi greinilega mátt sjá nokkur stunguför í báðum olnbogabótum. Stefndu hafi bæði komið í viðtal vegna framangreindra tilkynninga mánuði fyrir fæðingu telpunnar, en þau hafi gert lítið úr vímuefnavanda stefndu A. Þau hafi hins vegar lýst sig reiðubúin til samvinnu við nefndina. Þrátt fyrir það hafi þau ekki komið aftur til viðtals vegna málsins til þess að undirrita áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga sem gerð hafi verið í því skyni að styðja fjölskylduna. Stefnda hafi dvalið hjá móður sinni síðustu vikurnar fyrir fæðingu stúlkunnar.

Eftir að stúlkan fæddist hafi stefnda ætlað að dvelja áfram hjá móður sinni en viku síðar hafi hún flutt til stefnda B. Þegar starfsmenn barnaverndarnefndar hafi farið degi síðar í vitjun á heimilið hafi þar einnig verið fyrir móðir stefnda B. Gerð hafi verið áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga 2. ágúst 2005 sem stefnda A hafi undirritað.

Tilkynning hafi borist í gegnum Neyðarlínuna 15. ágúst s.á. um að stefnda A væri undir áhrifum á heimili stefndu og að föðuamma hefði farið með barnið í næsta hús. Starfsmaður barnaverndarnefndar hafi farið á staðinn í fylgd lögreglu og hafi stefndu verið undir áhrifum áfengis en móðursystir stefnda B hafi verið með barnið í næsta húsi. Starfsmaður nefndarinnar hafi metið aðstæður þar viðunandi. Um klukkan eitt hafi verið hringt í starfsmann bakvaktar og tilkynnt að stefndi hefði hringt í vinkonu stefndu A og látið hana hlusta á þegar hann hafi lamið hana en hún hafi hljóðað og kveinkað sér. Vinkona stefndu A hafi hringt í lögregluna í framhaldinu en starfsmanni bakvaktar hafi hins vegar engin tilkynning borist frá lögreglunni vegna þessa.

Ný áætlun hafi verið gerð um meðferð máls í samvinnu við stefndu 26. ágúst s.á. Þar hafi verið kveðið á um stuðning við stefndu, meðal annars í formi sálfræðivið tala, geðlæknisaðstoðar og stuðnings á heimilinu auk óðboðaðs eftirlits. Í framhaldinu hafi stefnda falið móður sinni umsjá telpunnar í nokkra daga, fyrstu vikuna í september. Hún hafi gefið þá skýringu að stefndu ættu í sambúðarörðugleikum og hafi því þurft næði. Nær daglegt samband hafi verið haft við þau, meðal annars í formi aðstoðar við að framfylgja meðferðaráætlun en ekki hafi verið staðið við af þeirra hálfu að mæta í viðtöl eða fara í ávana- og fíkniefnapróf. Stefnda hafi afpantað tíma, sem stúlkan hafi átt í ungbarnaskoðun, en brýnt hafi verið að hún mætti þar sem hún hefði ekki verið vigtuð í tvær vikur. Hún hefði þá þyngst illa og hafi verið ákveðið að komið yrði með hana nokkrum dögum síðar til vigtunar. Síðar í sama mánuði hafi vinkona stefndu A tilkynnt að stefndu

hefðu haft í líflátshótunum við hana. Þau hefðu talið að hún hefði tilkynnt að þau hefðu verið í annarlegu ástandi með telpuna. Í september hafi stefnda verið handtekin fyrir vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna, en lögreglan hefði verið kölluð að húsi í ---götu þar sem stefnda var ásamt þremur öðrum. Fundist hafi á þeim fíkniefni og tæki og tól til neyslu.

Barnið hafi verið flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku 11. september vegna andnaðar. Hún hafi dvalið þar í rúma viku en ekkert hafi komið fram við rannsóknir um ástæður þessa. Þremur dögum eftir útskrift hennar af bráðamóttökunni, 22. september, hafi borist tilkynning um vímuefnaneyslu stefndu. Farið hafi verið á heimilið og þá komið í ljós að telpan væri þá í umsjá móðursystur stefnda í næsta húsi.

Móðuramma barnsins hafi tilkynnt 23. september s.á. að það væri komið í hennar umsjá eftir að móðursystir stefnda hefði fengið barnið afhent út um glugga íbúðar stefndu um klukkan fjögur þá um nóttina. Gestkomandi maður hefði afhent henni telpuna og sagt að stefnda A væri ekki heima en stefndi B sofnaður. Stefnda hafi í kjölfarið óskað eftir því að móðir hennar tæki telpuna í sína umsjá tímabundið.

Málið hafi fyrst verið lagt fyrir fund barnaverndarnefndar 18. október 2005. Stefndu hefðu þá verið í litlu sem engu sambandi við dóttur sína frá því að stefnda A fól móður sinni umsjá barnsins 23. september. Upplýsingar hafi legið fyrir hjá nefndinni um að stefndu hefðu verið í vímuefnaneyslu á tímabilinu. Stefndu hafi mætt á fund nefndarinnar ásamt lögmanni sínum. Stefnda hafi samþykkt á fundinum að telpan yrði í tímabundnu fóstri hjá móðurömmu sinni í sex mánuði. Stefndu hafi viðurkennt vímuefnaneyslu sína og sagt að þau vildu nota tímann til að bæta sig sem foreldrar og takast á við foreldrahlutverkið. Stefnda A hafi samþykkt að gangast undir forsjárhæfnismat en stefndu hafi ekki viljað hafa samskipti við fósturheimilið, væru þau í neyslu. Stefndu hafi bæði lýst yfir vilja til að fara í vímuefna meðferð. Barnaverndarnefndin hafi falið starfsmönnum að gera áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga í samvinnu við stefndu A þar sem meðal annars yrði kveðið á um að hún undirgengist forsjárhæfnismat, leitaði sér vímuefna meðferðar og sækti reglulega viðtöl til starfsmanns nefndarinnar. Hún hafi ekki staðið við þær yfirlýsingar sem hún hafi sett fram á fundi nefndarinnar og ekki undirritað áætlun um meðferð máls. Stefndu hafi ekki leitað sér meðferðar og í engu sinnt umgengni við telpuna.

Í nóvember s.á. hafi móðir stefndu óskað eftir aðstoð lögreglu við að ná dóttur sinni út úr íbúðinni er stefndu bjuggu í en grunur hafi leikið á að hún væri í neyslu fíkniefna. Móðir hennar hafi síðan farið með hana á bráðamóttöku geðdeildar Landspítalans. Að mati læknis hafi hún sennilega verið undir áhrifum amfetamíns. Samkvæmt læknabréfi sérfræðings við geðdeildina sé sjúkdómsgreining stefndu geðraskanir vegna ofneyslu á vímuefnum og persónuleikaraskanir.

Í lok desember s.á. hafi tveir menn ruðst inn á stefnda B á heimili hans og veitt honum áverka en stefnda A hafi verið vitni að árásinni. Í byrjun janúar 2006 hafi aftur verið reynt að ráðast inn í íbúð hans og hafi útihurðin verið spennt upp með kúbeini.

Afskipti hafi verið höfð af báðum stefndu á heimili föðurömmu telpunnar í byrjun janúar 2006 þar sem grunur hafi leikið á að stefndi B hefði beitt stefndu A og

eiginmann móður sinnar líkamlegu ofbeldi. Í lögregluskýrslu sé haft eftir móður stefnda B að hann hefði verið í mikilli óreglu og væri hún mjög hrædd við hann enda til alls líklegur. Loks komi þar fram að allir hlutaðeigandi hefðu verið talsvert ölvaðir og/eða undir áhrifum lyfja að mati lögreglu, þar með talin bæði stefndu.

Stefndi B hafi verið dæmdur í sjö mánaða fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið lögreglumann sem var við skyldustörf með þeim afleiðingum að hann hlaut fleiður á handarbaki sem blæddi úr. Stefndi var þá smitaður af lifrabólgu C og hafi látið í veðri vaka að hann væri einnig smitaður af HIV veirunni, en sú hafi ekki verið raunin. Lögreglumaðurinn hafi þurft að bíða á tíu mánuði eftir endanlegum niðurstöðum læknisrannsókna varðandi hugsanlegt smit af veirunni. Í dóminum sé sakarferill stefnda rakinn, en hann hafi meðal annars verið dæmdur fyrir þjófnað, hylmingu, brot gegn áfengislögum, brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, stórfellda líkamsárás, ölvunarakstur og fyrir að aka sviptur ökurétti. Stefndi sitji nú í fangelsi en fái væntanlega reynslulausn í september nk.

Málið hafi verið lagt fyrir barnaverndarnefnd að nýju 7. mars 2006 en því hafi verið frestað að beiðni lögmanns stefndu til 21. sama mánaðar. Á tímabilinu hefðu stefndu gert samning um sameiginlega forsjá og flutt lögheimili sitt á Sa. Á fundinum hefði komið fram að stefndu væru ekki tilbúin til að samþykkja frekara fóstur telpunnar hjá móðurömmu sinni. Hins vegar hafi það verið mat barnaverndar nefndar að það þjónaði hagsmunum telpunnar best að dveljast í varanlegu fóstri hjá henni þar sem vel færi um hana og hún hefði tekið miklum framförum. Stúlkan hefði tengst ömmu sinni en ekki foreldrum sínum vegna langvarandi fjarveru þeirra.

Krafa stefnanda um forsjárviptingu byggðist einkum á því að ítrekað hafi verið leitast við að aðstoða stefndu við að taka á vandamálum sínum með það að markmiði að stúlkan nyti uppeldis þeirra. Vandí stefndu sé hins vegar djúpstæður og virtist ávana- og fíkniefnaneysla þeirra vera hömlulaus, sem leitt hafi til þess að telpan hafi þurft að vistast utan heimilis vegna óviðunandi aðstæðna. Undir þeim kringumstæðum njóti hún ekki samskipta við foreldra sína í lengri tíma í senn þar sem stefndu gleymi tilvist hennar í vímuástandi. Einsýnt sé að þau tengslarof geti haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir persónuþroska og geðheilsu telpunnar þegar til lengri tíma sé litið.

Ávallt hafi verið leitast við að eiga eins góða samvinnu við stefndu um málið og aðstæður hafi leyft. Allt frá fæðingu barnsins hafi stefndu staðið til boða stuðningur barnaverndaryfirvalda með það að leiðarljósi að þau næðu tökum á vímuefnafíkn sinni og gætu annast barnið, en þau hvorki sýnt vilja né getu til þess að taka á sínum málum. Stefndu eigi langa sögu um mikla vímuefnanotkun og vandi þeirra sé djúpstæður. Töluverður tími þurfi að líða frá því að vímuefnanotkun stefndu lauk þar til unnt verði að meta árangur af því. Engin reynsla sé af því að stefndu geti haldið heimili eða að þau séu fær um að skynja þá ábyrgð og bindingu sem fylgi því að ala upp barn. Barnið þekki ekki foreldra sína og hafi ekki tengst þeim.

Leitast hafi verið við að beita eins vægum úrræðum gagnvart stefndu og unnt hafi verið hverju sinni, en óhjákvæmilegt hafi reynst að vista telpuna hjá móðurömmu sinni sökum vímuefnaneyslu stefndu. Öll stuðningsúrræðin, sem reynd hafi verið, hafi ekki megnað að skapa telpunni þau uppeldisskilyrði sem hún

eigi skýlausan rétt á. Önnur barnaverndarúrræði en forsjárvipting séu því ekki tiltæk nú en brýna nauðsyn beri til að skapa barninu öryggi og umönnun sem það hafi farið á mis við hjá stefndu. Meðalhófsregunnar hafi verið gætt í hvívetna við meðferð málsins og ekki gripið til viðurhlutameiri úrræða en nauðsyn hafi borið til.

Það séu frumréttindi barna að búa við stöðugleika í uppvesti og þroskavænleg skilyrði. Stefndu geti ekki búið barni sínu þau uppeldisskilyrði sem það eigi rétt á. Þótt það séu vissulega mannréttindi foreldra að ala upp börn sín takmarkist forsjárréttur þeirra af þeim mannréttindum barna að njóta forsvanlegra uppeldisskilyrða. Þegar hagsmunir foreldra og barns vegist á séu hagsmunir barnsins, og hvað því sé fyrir bestu, þyngri á vogarskálunum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskum barnarétti og komi einnig fram í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland sé aðili að. Hinu opinbera sé skylt að veita börnum vernd svo sem fyrir sé mælt í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, barnaverndarlögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þá eigi þessi regla sér einnig stoð í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 64/1994, og í 24. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

Gögn málsins sýni svo ekki verði um villst að daglegri umönnun, uppeldi og öryggi barnsins verði stefnt í verulega hættu fari foreldrar áfram með forsjá þess. Gögnin sýni einnig að þau séu ekki hæf til að fara með forsjá barnsins vegna vímu efnaneyslu þeirra, andlegra veikinda stefndu A og ofbeldishneigðar stefnda B. Þá sé heilsu og ekki síst þroska barnsins hætta búin fari þau með forsjána eins og málum þeirra sé háttáð. Hagsmunir barnsins mæli því eindregið með því að stefndu verði svipt forsjá og að barninu verði komið fyrir í varanlegt fóstur á heimili þar sem vel verði hlúð að því og réttur þess til viðunandi uppeldis og umönnunar tryggður. Ljóst þyki að ekki megi fórna meiri tíma í óvissu en þegar hafi verið gert.

Með skírskotun til alls framanritaðs, meginreglna í barnaverndarstarfi, sbr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og gagna málsins, geri stefnandi þá kröfu að stefndu verði svipt forsjá barns þeirra, D, sbr. a og d liðir 1. mgr. 29. gr. sömu laga, enda muni önnur og vægari úrræði ekki skila tilætluðum árangri.

Með samkomulagi milli Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarnefndar S hafi verið ákveðið að barnaverndarnefnd Reykjavíkur héldi áfram vinnslu málsins, sbr. 3. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga.

Stefnandi vísi til barnaverndarlaga, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1992, Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992, alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi nr. 10/1979 og laga um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefndu

Af hálfu stefndu er því alfarið mótmælt að þau verði svipt forsjá dóttur sinnar. Forsjárvipting sé alvarlegt inngrip og verði slík krafa ekki tekin til greina nema ríkar ástæður liggi þar að baki enda sé hverju barni eðlilegt að alast upp hjá eigin foreldrum.

Stefndu neiti því ekki að þau hafi átt við vímuefnavanda að stríða, en þau hafi hins vegar tekið sig verulega á í þeim efnum. Þau hafi flutt til Sa og þar hafi þeim verið útveguð íbúð. Þau hafi gengist undir rannsókn vegna lyfjaleitar í þvagi í febrúar og mars 2006 en fram komi í niðurstöðum að ávana- og fíkniefni hafi ekki fundist. Móðir stefnda B búi á Sa en hún sé tilbúin að veita stefndu allan þann stuðning sem henni sé unnt við umönnun og uppeldi dóttur þeirra. Stefndu mótmæli því mati sem fram komi í greinargerð félagsráðgjafa um hæfni þeirra til að fara með forsjá dótturinnar en úrskurður barnaverndarnefndar um að vista barnið utan heimilis sé reistur á greinargerðinni. Þetta mat sé ekki hlutlaust en félagsráðgjafinn hafi haldið áfram með málið eftir að hafa kært stefnda B til lögreglu fyrir hótanir. Meta verði trúverðugleika félagsráðgjafans í ljósi þessa. Kæran hafi verið felld niður en stefndi hafi verið kærður fyrir það sem hann hafi ekki gert.

Stefndu geri sér fyllilega grein fyrir því að á tímabili eftir fæðingu dótturinnar hafi þau ekki verið í stakk búin til að sinna henni sem skyldi. Af þeim sökum hafi þau komið henni í föstur til móðurömmu hennar.

Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 80/2002 sé gert ráð fyrir því að beita eigi vægari úrræðum en forsjárviptingu en ekki verði séð af sóknargögnum málsins að það hafi verið reynt til þrautar af hálfu stefnanda.

Stefndu byggi á því að ósannað sé að þau séu óhæf til að fara með forsjá dóttur sinnar enda hafi ekki verið sýnt fram á það. Engin viðhlítandi gögn hafi verið lögð fram um meint ofbeldi stefnda.

Niðurstöður

Barnið sem hér um ræðir á rétt á vernd og umönnun eins og önnur börn samkvæmt 1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga. Foreldrum ber samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum barnanna og þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Sökum mikillar vímuefnaneyslu sinntu stefndu barninu engan veginn með viðunandi hætti fyrstu vikurnar eftir fæðingu barnsins sem leiddi til þess að barnið fór í föstur til móðurömmu sinnar 23. september 2005, tveggja mánaða gamalt, eins og þegar hefur komið fram. Á fundi stefndu hjá barnaverndarnefnd 18. október sama ár sögðust stefndu bæði ætla að fara í meðferð vegna vímuefnaneyslu. Á fundinum kom einnig fram að stefnda A var því ekki mótfallin að stúlkan yrði í tímabundnu föstri í sex mánuði en helst vildi hún að barnið yrði hjá móðurömmu sinni. Með úrskurði barnaverndarnefndar, sem kveðinn var upp 21. mars 2006, var ákveðið að stúlkan skyldi kyrrsett á heimili móðurömmu sinnar samkvæmt a lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga í tvo mánuði frá þeim degi að telja. Í úrskurðinum kemur fram að stefnda hafði ekki staðið við þær yfirlýsingar sem hún hefði gefið á ofangreindum fundi. Hún hafi ekki undirritað áætlun um meðferð máls samkvæmt 23. gr. sömu laga. Stefndu hefðu ekki leitað sér meðferðar og ekki sinnt umgengni við telpuna.

Í sálfræðilegri álitsgerð Rúnars Helga Andrasonar, 15. desember 2006, kemur fram að stefndu eigi bæði að baki langa sögu um misnotkun vímuefna og hafi stefnda A

meðal annars verið í neyslu á meðgöngutíma. Hvorugt þeirra hafi farið í meðferð vegna vímuefnavanda en þau segist vera hætt að nota vímuefni á eigin forsendum. Þar kemur einnig fram að barnið hafi lítið tengst foreldrum sínum þar sem það hafi lítið verið með þeim. Þess í stað hafi barnið myndað sterk tengsl við ömmu sína sem hafi haft umsjón með því og í raun komið því í móðurstað. Stúlkan hafi verið á eftir í þroska, og þá sérstaklega í hreyfiproska, en nýlegar niðurstöður bendi til þess að hún sé aldursvarandi á öllum sviðum þroskans í dag. Hún hafi hlotið mikla umönnun og þjálfun frá sjúkrahjúfa og heima fyrir hjá ömmu sinni. Þrátt fyrir miklar framfarir í þroska bendi barnalæknir á að ástæða sé til að fylgjast náið með framvindu þroskans og sjá til þess að hún hljóti viðeignadi örvun og eftirlit. Í vitnisburði sálfræðingsins fyrir dómnum við aðalmeðferð málsins kom fram að hann teldi að ekki væri nægileg reynsla komin á það hvort erfiðleikar stefndu væru að baki en aðstæður þeirra væru sérstakar í dag, hann í fangelsi og hún barnshafandi. Varðandi vímuefnanotkunina taldi hann þau á byrjunarreit í bataferlinu. Þau gætu náð sér ágætlega á strik síðar en erfitt væri að staðfesta það í dag.

Í bréfi barnaverndarnefndar S 27. mars 2007 kemur fram að stefndu eiga von á barni í júnílok. Þau hafi sótt um félagslegt húsnæði og sóst eftir félagslegri ráðgjöf. Stefndi B hafi farið í afplánun á fimm mánaða fangelsisdómi í fangelsinu á ----- 17. janúar 2007. Hann hafi farið reglulega í próf til að sýna fram á að hann sé án fíkniefna og sent afrit af niðurstöðum sem sýni að hann hafi staðið sig hvað þetta varði. Stefnda A sé í reglulegu sambandi við félagsráðgjafa og fari í sálfræðileg viðtöl. Hún fari í lyfjaleit í þvagi vikulega og ekkert komi annað fram en að hún sé án vímuefna. Hún sé húsnæðislaus en búi sem stendur hjá móður meðstefnda. Á því heimili séu ekki kjöraðstæður til stuðnings, enda sé heimilið undir eftirliti barnaverndarnefndar vegna aðstæðna þeirra barna sem þar búi, en foreldrar þeirra eigi bæði við áfengisvanda að stríða. Lítil raunveruleg reynsla sé komin á samvinnu við stefndu og óvissa mikil um framtíðina. Hægt sé að staðfesta að þau séu ekki í neyslu en fjölskyldu- og stuðningsnet sé veikt. Enn þurfi frekari reynslu til að skera úr um það hvort stefndu hafi getu til að skapa sjálfum sér þann stöðugleika sem þurfi til að ná bata.

Eins og hér að framan hefur verið rakið eiga stefndu óhrekjanlega sögu um langvarandi neyslu ávana- og fíkniefna. Þau hafa aldrei gengist undir viðeigandi meðferð af þessu tilefni. Þau hafa enga reynslu af foreldrahlutverki eða að búa á eigin heimili eftir að vímuefnaneyslan var að baki og framtíð þeirra er óviss eins og ráðið verður af gögnum málsins. Stefnda A er mjög veik. Í mars 2004 og nóvember 2005, þá 18 og 19 ára, var hún auk vímuefnamisnotkunar greind með einkenni per sönuleikaröskunar. Frá 14 ára aldri hefur hún misnotað vímuefni og fram hefur komið að á unglingsárum var hún beitt kynferðislegu ofbeldi af föður sínum. Í ljósi áfallasögu, vímuefnavanda og persónuleikaröskunar stefndu A er augljóst að enn er ekki komin nægjanleg reynsla af því hvernig henni tekst að vinna úr þessum vanda þannig að hún sé fær um að axla foreldraábyrgð. Stefndi B afplánar nú fangelsisdóm og á að baki afbrotasögu. Í matsgerð sálfræðings kemur fram að B sýni tilhneigingu til tortryggni og efasemda gagnvart fólki, en að greind hans, eins og greind A, er innan eðlilegra marka. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja að stefndu skorti innsæi í raunverulegan vanda og að fram hafi komið töluvert skilningsleysi af þeirra hálfu varðandi það hvað felist í því að bera ábyrgð á uppeldi barns. Þegar tekið er mið af aðstæðum stefndu í dag verður að telja áform þeirra um að ala upp tvö ung börn á næstu árum byggð á töluverðu óraunsæi. Í ítarlegum

gögnum málsins er hvergi að finna nokkra stoð fyrir því að stefndu geti verið fær um þetta eins og staða þeirra er í dag.

Barnið hefur myndað eðlileg tengsl við móðurömmu sína og hefur sýnt framfarir í þroska þann tíma sem það hefur verið hjá henni. Hjá barninu má merkja greinilegar og jákvæðar breytingar frá því það kom til ömmu sinnar. Það hefur sýnt miklar framfarir og náð jafnöldum sínum í þroska en var áður á eftir þeim. Mikilvægt er að mati dómsins að barnið verði áfram aðnjótandi þess stöðugleika og festu sem móðuramma barnsins hefur skapað því frá tveggja mánaða aldri til dagsins í dag þannig að barnið geti haldið áfram að þroskast eðlilega. Líta verður til þess að mikilvægt er að forsjáradili barnsins verði áfram vakandi yfir þroska þess vegna sögu barnsins um erfiðar aðstæður og þroskaseinkum. Í ljósi þessarar sögu má ætla að barnið sé tilfinningalega viðkvæmara en jafnaldrar þess fyrir breytingum og áföllum. Í gögnum málsins kemur fram að amma barnsins sinnir því vel, það dafnar vel í hennar umsjá og því virðist líða vel hjá henni. Barninu yrði það augljóslega mikið áfall verði það tekið úr þessu jákvæða umhverfi. Einnig yrði það þroska barnsins verulega hættulegt að rjúfa þau grunntengsl sem það hefur myndað við ömmu sína, en engin slík tengsl hafa náð að myndast við stefndu vegna stopulla og óreglulegra tengsla barnsins við þau.

Þegar litið er til alls þessa verður að telja að gögn málsins sýni ótvírætt að daglegri umönnun barnsins hefur verið alvarlega ábótavant af hálfu stefndu þegar það var í þeirra umsjá. Gögn málsins sýna jafnframt að líkamlegri og andlegri heilsu barnsins og þroska væri alvarlega hættu búin ef barnið færi aftur til þeirra vegna augljósrar vanhæfni stefndu til að fara með forsjá þess sökum vímuefnaneyslu þeirra og úrræðaleysis þeirra við að taka á þeim vanda. Samkvæmt því er fulllægt skilyrðum a og d liða 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga til að stefndu verði svipt forsjá barnsins eins og krafist er af hálfu stefnanda. Barnaverndarnefnd hefur, eins og þegar hefur verið rakið, reynt að beita öðrum vægari úrræðum til úrbóta en þær hafa ekki skilað viðunandi árangri. Ber með vísan til þessa að taka kröfu stefnanda til greina um að stefndu verði svipt forsjá dóttur sinnar.

Ekki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu en gjafsóknarkostnaður þeirra greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 250.000 krónur án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Oddi Erlingsson og Sæmundur Hafsteinsson sálfræðingar en Sæmundur er einnig félagsmálastjóri í Hafnarfirði. Dómsformaður fékk málið til meðferðar 2. janúar sl.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, A og B, eru svipt forsjá dóttur sinnar, D.

Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 250.000 krónur.

Sigríður Ingvarsdóttir

Oddi Erlingsson

Sæmundur Hafsteinsson